

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar vegna Hólsvirkjunar.

Skipulagsstofnun staðfesti, 23. nóvember 2018, breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn 4. október 2018.

Í breytingunni felst að 36 ha af landbúnaðarsvæði og óbyggðu svæði eru afmarkaðir sem iðnaðarsvæði fyrir 5,5 MW vatnsaflsvirkjun, Hólsvirkjun. Byggðar verða tvær stíflur og vatnið leitt í þrýstipípu fyrir háls sunnan Garðsfells að stöðvarhúsi á bökkum Fnjóskár. Alls 6 efnistökusvæði eru skilgreind í tengslum við virkjunina. Lagður verður 33 kV jarðstrengur frá stöðvarhúsi virkjunar að Rangárvöllum á Akureyri.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 23. nóvember 2018.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.